

SKILMÁLAR

UM SÖLU Á TÆKJABÚNAÐI, OG ÞJÓNUSTU

1. Skilgreiningar

Í skilmálum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Hinn skráði: Eigandi persónuupplýsinga.

Hugverkaréttindi: Einkaleyfi, réttur til uppfinninga, höfundaréttindi, vörumerki, firmaheiti og lén, hönnunarréttindi, trúnaðarupplýsingar og öll önnur hugverkaréttindi, hvort sem þau eru skráð eða óskráð og hvort sem þau eru á umsóknarstigi eða endanleg, hvar sem er í heiminum.

Óheimil vinnsla: Sér hver óviljandi, ólögmat eða óheimil vinnsla persónuupplýsinga.

Óviðráðanleg atvik: Hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefið í grein

Persónuupplýsingar: Sérhverjar upplýsingar sem hægt er að nota til að persónugreina hinn skráða eða upplýsingar tengdar hinum skráða, eins og hugtakið er nánar skilgreint í persónuverndarlögum.

Persónuverndarlög: Gildandi persónuverndarlög.

Samningur: Samningur milli Alternance og viðskiptavinar um sölu á tækjabúnaði, og þjónustu samkvæmt skilmálum þessum og tilboðinu.

Skilmálar: Þessir skilmálar, eins og þeim kann að vera breytt samkvæmt grein 18.3.

Tilboð: Tilboð Alternance um sölu tækjabúnaðs, og þjónustu, eins og fram kemur í tilboði Alternance.

Tilgangur vinnslu: Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga, sem er skilgreindur í tilboði.

Tilgreining á tækjabúnaði: Lýsing eða tilgreining á tækjabúnaðinum, þ.m.t. viðeigandi uppdrættir og teikningar.

Tilgreining á og þjónustu: Lýsing eða tilgreining á og þjónustunni.

Tilgreiningar: Tilgreining á tækjabúnaðinum, tilgreining á og þjónustunni

Tækjabúnaður: Sá tækjabúnaður, sem vísað er til í tilboði.

Upphafsdagur samnings: Hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefið í grein 2.2.

Alternance slf: kt. 4403140230, Vesturgötu 51a, 101 Reykjavík, Íslandi.

Viðskiptavinur: Einstaklingur eða lögaðili sem kaupir tækjabúnað, og þjónustu af Alternance.

Vinnsla: Sérhver aðgerð, sem felur í sér notkun persónuupplýsinga. Þar með talið söfnun, skráning og varðveisla persónuupplýsinga eða framkvæmd aðgerða eða röð aðgerða í tengslum við upplýsingarnar, þ.m.t. flokkun, breyting, heimt, notkun, dreifing, eyðing eða eyðilegging. Miðlun eða dreifing persónuupplýsinga til þriðja aðila telst einnig til vinnslu.

Virkur dagur: Aðrir dagar en laugardagar, sunnudagar eða frídagar á Íslandi

Þjónusta: Þjónusta (þ.m.t. hverskonar uppsetningar og/eða viðhaldsþjónusta) veitt af Alternance til viðskiptavinar, eins og fram kemur í tilgreiningu á og þjónustu.

Öryggisbrestur: Sérhver aðgerð eða vanræksla sem setur í hættu (i) öryggi, trúnað, heilleika og aðgengi að persónuupplýsingum eða (ii) efnislegar, tæknilegar, stjórnunarlegar eða skipulagslegar öryggisráðstafanir sem Alternance slf eða undirvinnsluaðilar hafa gert til verndar persónuupplýsingum. Glötun, ólögmat birting eða heimt persónuupplýsinga, sem og aðgangur að persónuupplýsingum, sem veittur hefur verið í leyfisleysi, skal teljast vera öryggisbrestur.

2. Samningsgrundvöllur

- 2.1 Tilboðið telst tilboð, þar sem Alternance slf selur tækjabúnaðinn, og þjónustuna til viðskiptavinarins í samræmi við skilmála þessa.
- 2.2 Tilboðið skal aðeins teljast samþykkt þegar Alternance slf og viðskiptavinurinn hafa undirritað tilboðið, frá og með því tímamarki telst samningurinn hafa öðlast gildi. **Upphafsdagur** verkefnis telst vera daginn eftir að fyrsta samningsgreiðsla berst Alternance. Afhending búnaðar byggir á upphagsdagsetningu verkefnis, dráttur á greiðslu getur haft áhrif á afhendingardagsetningu.
- 2.3 Hvers konar sýnishorn, teikningar, lýsingar eða auglýsingar útgefnar af Alternance og aðrar lýsingar á tækjabúnaðinum sem og útskýringar eða lýsingar á og þjónustunni, sem finna má í vörulista eða bæklingum Alternance, eru gefnar út í þeim eina tilgangi að gefa viðskiptvini hugmynd um tækjabúnaðinn, og þjónustuna, sem þar er lýst. Slíkt skal ekki teljast hluti af samningnum eða hafa samningsgildi.
- 2.4 Þessir skilmálar gilda um samninginn að því marki sem viðskiptavinur hefur ekki óskað eftir breytingu á ákvæðum eða viðbótum, eða vegna breytinga, sem leiða má af venjum.
- 2.5 Öll verðtilboð Alternance í tilboðinu eru aðeins bindandi á því tímabili sem vísað er til í tilboðinu.
- 2.6 Skilmálar þessir skulu gilda í heild sinni um sölu á öllum tækjabúnaði, og þjónustu, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- 2.7 Sérhverjar umbeðnar breytingar á tilgreiningunum af hálfu viðskiptavinar eru háðar fyrirfram samþykki Alternance, ásamt því að vera háðar endurskoðun á núverandi skilmálum hvað varðar verð, greiðslur, afhendingu, gæði og önnur viðeigandi ákvæði. Beiðni um slíkar breytingar eru háðar þeim tímamörkum, sem tilgreind eru í tilboðinu.

3. Tækjabúnaðurinn

- 3.1 Tækjabúnaðinum er lýst í tilgreiningu tækjabúnaðsins.
- 3.2 Alternance slf áskilur sér rétt til að breyta tilgreiningu tækjabúnaðarins, ef það nauðsynlegt vegna lagaskyldu og skal Alternance slf þá tilkynna viðskiptavini um breytingarnar.

4. Afhending tækjabúnaðarins; flutningur

- 4.1 Nema um annað sé samið skriflega, skal allur tækjabúnaður afhentur á starfsstöð Alternance (EXW) í samræmi við nýjustu útgáfu Incoterms flutningskilmálana, eins og þeir eru á upphafsdegi.
- 4.2 Þær dagsetningar, sem vísað er til vegna afhendingar tækjabúnaðarins, eru aðeins til viðmiðunar. Alternance slf skal ekki bera ábyrgð á töfum á afhendingu tækjabúnaðarins, sem má rekja til óviðráðanlegra atvika, vanrækslu eða mistaka farmflytjanda eða vegna vanrækslu viðskiptavinar á að láta í té fullnægjandi afhendingarleiðbeiningar eða aðrar viðeigandi leiðbeiningar í tengslum við sölu tækjabúnaðarins.
- 4.3 Komi til tafa skal seljandi upplýsa kaupanda svo fljótt sem auðið er.
- 4.4 Ef Alternance slf vanefnir afhendingarskyldu sína á tækjabúnaðinum, skal ábyrgð Alternance vera takmörkuð við sanngjarnan kostnað og útgjöld viðskiptavinar við að afla annars tækjabúnaðar, sem er sambærilegur bæði samkvæmt tilgreiningu og verði, á hagstæðasta markaði sem völ er á. Alternance slf ber enga ábyrgð á vanefnd á afhendingarskyldu í þeim tilvikum sem vanefndina má rekja til óviðráðanlegra atvika eða vegna vanrækslu viðskiptavinar á að láta í té fullnægjandi afhendingarleiðbeiningar eða aðrar viðeigandi leiðbeiningar í tengslum við sölu tækjabúnaðarins.
- 4.5 Ef viðskiptavinurinn tekur ekki við afhentum tækjabúnaði innan þriggja daga frá tilkynningu Alternance til viðskiptavinar um að tækjabúnaðurinn sé tilbúinn til afhendingar þá, nema viðtökudráttinn sé vegna óviðráðanlegra atvika eða vegna vanefnda Alternance á skyldum sínum samkvæmt samningnum í tengslum við tækjabúnaðinn:
- (a) skal tækjabúnaðurinn teljast hafa verið afhentur kl. 09:00 þremur virkum dögum frá dagsetningu tilkynningar sem Alternance slf sendi viðskiptavininum um að tækjabúnaðurinn sé tilbúinn til afhendingar; og
 - (b) skal Alternance slf geyma tækjabúnaðinn þangað til afhending á sér stað á kostnað viðskiptavinar (þ.m.t. vegna kostnaðar við tryggingar).
- 4.6 Ef viðskiptavinur hefur ekki tekið við tækjabúnaðinum innan þrjátíu virkra daga frá því að honum barst tilkynning um að tækjabúnaðurinn væri tilbúinn til afhendingar, skal Alternance vera heimilt að endurselja tækjabúnaðinn eða losa sig við hann að hluta eða í heild með öðrum hætti, að frádregnum sanngjörnum geymslu- og sölukostnaði, greiða viðskiptavini eftirstöðvar söluverðs tækjabúnaðarins eða rukka viðskiptavin, ef söluverð er lægra en áfallinn kostnaður.
- 4.7 Viðskiptavini er heimilt að óska eftir flutningi á tækjabúnaðinum á starfsstöð viðskiptavinarins eða á annan stað tilgreindan af viðskiptavininum, ef þess er krafist af viðskiptavini og Alternance slf samþykkir. Viðskiptavinur skal bera kostnað og áhættu vegna slíkra flutninga.

5. Gæði tækjabúnaðarins

- 5.1 Alternance slf ábyrgist að við afhendingu og í 12 mánuði frá afhendingardegi (EXW) („**ábyrgðartíminn**“) skuli tækjabúnaðurinn:
- (a) samræmast tilgreiningu tækjabúnaðarins í helstu atriðum; og

- (b) vera laus við veigamikla hönnunar-, efnis- og/eða handbragðsgalla.
- 5.2 Að skilyrðum samkvæmt grein 5.3 uppfylltum, skal Alternance slf, að eigin vali, gera við eða skipta út hinum gallaða tækjabúnaði eða endurgreiða kaupverð hins gallaða tækjabúnaðar að fullu, ef:
- (a) viðskiptavinur tilkynnir skriflega, innan ábyrgðartímans og innan sanngjarns frests eftir að hann varð var við að tækjabúnaðurinn samræmdist ekki ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt grein 5.1; og
 - (b) Alternance er gefið sanngjarnt tækifæri til að skoða slíkan tækjabúnað.
- 5.3 Að því marki sem telja má sanngjarnt í framkvæmd, skal viðskiptavinurinn senda Alternance hinn meinta gallaða tækjabúnað í þeim tilgangi að Alternance slf geti skoðað og eftir atvikum lagfært tækjabúnaðinn. Viðskiptavinurinn skal bera kostnað á flutningi tækjabúnaðarins frá viðskiptavininum til Alternance, sem og á flutningi til baka frá Alternance til viðskiptavinarins.
- 5.4 Alternance slf skal ekki bera ábyrgð á því að tækjabúnaðurinn samræmist ekki ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt grein 5.1 ef:
- (a) viðskiptavinurinn heldur áfram að nota tækjabúnaðinn eftir að hafa sent tilkynningu samkvæmt grein 5.2;
 - (b) gallann má rekja til þess að viðskiptavinurinn fylgdi ekki munnlegum eða skriflegum leiðbeiningum Alternance um hvernig skuli geyma, setja upp, reka, nota eða viðhalda tækjabúnaðinum eða (í tilfalli engra slíkra leiðbeininga) góðum viðskiptavenjum;
 - (c) gallann má rekja til þess að Alternance slf fylgdi hvers konar teikningum, hönnun eða tilgreiningu tækjabúnaðar frá viðskiptavininum;
 - (d) viðskiptavinurinn breytir eða lagfærir tækjabúnaðinn án skriflegs samþykkis Alternance;
 - (e) annmarkann má rekja til eðlilegs slits, vanrækslu, ásetnings, eða notkunar tækjabúnaðarins við óvenjulegar aðstæður;
 - (f) notkun tækjabúnaðarins viku frá tilgreiningu tækjabúnaðarins í kjölfar nauðsynlegra breytinga til að tryggja rétta fylgni við lög, reglugerðir eða staðla í lögsögu viðskiptavinarins;
 - (g) tækjabúnaðinum (eða a.m.k. hinn gallaði hluti eða hlutar tækjabúnaðarins) hefur verið aflað frá þriðja aðila; eða
 - (h) viðskiptavinurinn hefur selt eða framselt með öðrum hætti tækjabúnaðinn til þriðja aðila.
- 5.5 Að undanskildu því sem fram kemur í þessari grein 5, skal Alternance slf ekki bera ábyrgð gagnvart viðskiptavininum, standist tækjabúnaðurinn ekki þær kröfur sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt 5.1.

5.6 Ákvæði skilmála þessa skulu gilda um allan tækjabúnað, sem hefur verið lagfærður eða skipt út af Alternance.

6. Eignarréttur og áhætta

6.1 Áhætta vegna tækjabúnaðarins skal færast yfir á viðskiptavininn við afhendingu.

6.2 Eignarréttur vegna tækjabúnaðarins færist ekki til viðskiptavinarins fyrr en Alternance hefur borist full greiðsla fyrir tækjabúnaðinn og allar aðrar vörur sem Alternance slf hefur selt viðskiptavininum.

6.3 Þar til eignarréttur vegna tækjabúnaðarins hefur færst til viðskiptavinarins, skal viðskiptavinurinn:

- (a) hafa tækjabúnaðarinn aðskildan frá öðrum búnaði í vörslum viðskiptavinarins, svo að tækjabúnaðurinn sé auðkennanlegur og augljóst sé að hann sé eign Alternance;
- (b) ekki fjarlægja, afskræma eða fela auðkennandi merki eða umbúðir á eða í tengslum við tækjabúnaðinn;
- (c) halda tækjabúnaðinum í fullnægjandi ástandi og halda honum vátryggðum gegn allri áhættu fyrir fullu verðmæti tækjabúnaðarins fyrir hönd Alternance frá afhendingardegi;
- (d) tilkynna Alternance samstundis ef honum verður ljóst um eitthvert þeirra atvika sem nefnd eru í greinum 15.1(a) til 15.1(c);
- (e) gefa Alternance sérhverjar upplýsingar í tengslum við tækjabúnaðinn, sem Alternance slf kann að óska eftir.

6.4 Ef viðskiptavininum verður ljóst um eitthvert þeirra atvika sem nefnd eru í greinum 15.1(a) til 15.1(c), áður en eignarréttur yfir tækjabúnaðinum færist yfir til viðskiptavinarins, þá (án takmörkunar á öðrum réttindum eða úrræðum Alternance):

- (a) réttur viðskiptavinar til að nota tækjabúnaðinn eða selja hans til þriðja manns fellur þegar niður; og
- (b) Alternance slf hefur heimild til að:
 - (i) skylda viðskiptavininn til að afhenda allan tækjabúnað í hans vörslum sem ekki hefur verið endurseldur eða tengdur með einum eða öðrum hætti við annan búnað með óafturkræfum hætti; og
 - (ii) (ef að viðskiptavinurinn bregst ekki við beiðni samkvæmt ofangreindu tafarlaust) fara inn á starfsstöð viðskiptavinar eða þriðja aðila þar sem tækjabúnaðurinn er geymdur, í þeim tilgangi að endurheimta tækjabúnaðinn.

7. Veiting og þjónustunnar

7.1 Alternance slf skal veita og þjónustuna til viðskiptavinarins og skal veiting og þjónustunnar vera í meginatriðum í samræmi við tilgreiningu og þjónustunnar.

- 7.2 Alternance slf skal leitast við að veita og þjónustuna á þeim tíma, sem vísað er til í tilgreiningu og þjónustunnar. Slíkar tímasetningar eru hins vegar aðeins til viðmiðunar og skulu ekki vera bindandi.
- 7.3 Alternance slf áskilur sér rétt til að breyta tilgreiningu og þjónustunnar ef slíks er krafist vegna lagaskyldu eða ef breytingarnar munu ekki hafa meiri háttar áhrif á eðli og gæði og þjónustunnar og skal Alternance slf þá tilkynna viðskiptavininum um breytingarnar.
- 7.4 Alternance slf ábyrgist gagnvart viðskiptavininum að þjónustan verði veitt með bæði viðeigandi aðgæslu og færni.

8. Skyldur viðskiptavinar

8.1 Viðskiptavinurinn skal:

- (a) gæta þess að skilmálar tilboðsins og tilgreininganna séu fullnægjandi og nákvæmir;
- (b) vinna í samstarfi við Alternance í öllu sem tengist og þjónustunni;
- (c) veita Alternance, starfsmönnum, umboðsmönnum, ráðgjöfum og undirverktökum Alternance, aðgang að starfsstöð viðskiptavinarins, skrifstofu eða öðrum stöðum sem Alternance slf þarf aðgang að í því skyni að veita og þjónustuna;
- (d) veita Alternance sérhverjar upplýsingar og efni sem Alternance slf kann að krefjast til að veita og þjónustuna og gæta þess að slíkar upplýsingar séu bæði fullnægjandi og nákvæmar að meginstefnunni til;
- (e) undirbúa starfsstöð viðskiptavinarins svo að hægt sé að veita og þjónustuna;
- (f) sækja um og viðhalda öllum leyfum og heimildum, sem kunna að vera nauðsynleg svo að hægt sé að veita og þjónustuna, áður en áætlað er að þjónustan sé veitt;
- (g) uppfylla viðeigandi lagaskilyrði, þ.m.t. vegna öryggis og heilbrigðis á vinnustað; og
- (h) standa við allar viðbótar skyldur sem fram koma í tilgreiningu tækjabúnaðarins og tilgreiningu og þjónustunnar.

8.2 Ef Alternance slf efnir ekki einhverjar skyldur sínar samkvæmt samningnum eða þeim seinkar vegna athafna eða athafnaleysis viðskiptavinarins eða vanefndar viðskiptavinarins á viðeigandi skyldum sínum („**vanefnd viðskiptavinarins**“):

- (a) (án takmörkunar eða áhrifa á önnur réttindi eða úrræði sem standa Alternance til boða) skal Alternance slf hafa rétt til að stöðva tímabundið veitingu og þjónustunnar þar til viðskiptavinurinn hefur bætt úr vanefnd sinni, að því marki sem vanefnd viðskiptavinarins kemur í veg fyrir eða seinkar efnendum Alternance.
- (b) Alternance slf skal ekki bera ábyrgð á hvers konar kostnaði eða tjóni sem viðskiptavinurinn kann að verða fyrir beint eða óbeint vegna stöðvunar eða seinkunar efnenda samkvæmt þessari grein 9.2; og

- (c) að fenginni skriflegri kröfu frá Alternance skal viðskiptavinurinn bæta Alternance allan kostnað eða tap sem Alternance slf kann að verða fyrir beint eða óbeint vegna vanefnda viðskiptavinarins.

9. Verð og greiðsla

9.1 Verð tækjabúnaðarins:

- (a) skal vera það verð sem tilgreint er í tilboðinu eða ef ekkert verð er tilgreint, það verð sem kemur fram í verðskrá Alternance í gildi við dagsetningu tilboðsins; og
- (b) tekur ekki til kostnaðar og gjalda vegna pökkunar, trygginga og flutnings tækjabúnaðarins, sem skal vera greiddur af viðskiptavini gegn útgáfu reiknings.

9.2 Verð og þjónustunnar skal vera það verð sem tilgreint er í tilboðinu eða ef ekkert verð er tilgreint, það verð sem kemur fram í verðskrá Alternance í gildi við dagsetningu tilboðsins.

9.3 Alternance slf áskilur sér rétt til að:

- (a) hækka gjöld vegna og þjónustunnar árlega;
- (b) hækka verð samkvæmt samningnum með því að tilkynna viðskiptavininum það hvenær sem er fyrir afhendingu, til að endurspeglar hækkan kostnaðar Alternance vegna:
 - (i) óvenjulegra aðstæðna sem ekki eru á valdi Alternance (þ.m.t. verulegar gengisbreytingar, hækkan á sköttum, tollum og öðrum gjöldum eða veruleg hækkan á launa- efnis- eða öðrum framleiðslukostnaði);
 - (ii) sérhverrar beiðni viðskiptavinarins til breytingar á afhendingartíma, magni eða tegund tækjabúnaðarins, og þjónustunnar eða einhverra tilgreininganna; eða
 - (iii) sérhverrar tafar vegna breytinga viðskiptavinarins á fyrirmælum í tengslum við tækjabúnaðinn, og þjónustuna eða vanræksla viðskiptavinarins við að gefa Alternance fullnægjandi eða nákvæmar upplýsingar eða leiðbeiningar í tengslum við framangreint.

9.4 Í tengslum við tækjabúnaðinn, og þjónustuna skal Alternance slf gefa út reikning til viðskiptavinarins, eins og fram kemur í tilboðinu.

9.5 Viðskiptavinurinn skal greiða sérhvern reikning gefinn út af Alternance:

- (a) innan 5 daga frá útgáfudegi reiknings eða í samræmi við hvers konar lánakjör til viðskiptavinarins sem samþykkt eru af Alternance og hafa verið staðfest skriflega; og
- (b) að fullu með millifærslu á bankareikning sem Alternance slf tilgreinir; og

9.6 skylda viðskiptavinar til að greiða greiðsluna á réttum tíma er sérstaklega mikilvæg í samningnum.

9.7 Allar fjárhæðir greiðslna sem er vísað til í samningnum eru án virðisaukaskatts („**VSK**“). Þar sem virðisaukaskattsskylda kviknar samkvæmt samningnum skal viðskiptavinurinn, gegn móttöku

VSK reiknings gefnum út af Alternance, greiða Alternance slíkan VSK sem reiknast á veitingu tækjabúnaðarins, og þjónustunnar.

- 9.8 Ef viðskiptavinur greiðir ekki skuld samkvæmt samningnum á gjalddaga, skal viðskiptavinurinn, án þess að það takmarki úrræði Alternance samkvæmt grein, greiða hæstu löglegu dráttarvexti Seðlabanka Íslands hverju sinni vegna hinnar vangoldnu fjárhæðar, frá gjalddaga til greiðsludags.
- 9.9 Allar fjárhæðir samkvæmt samningnum skulu vera greiddar án réttar til skuldajafnaðar, gagnkröfu eða frádráttar.
- 9.10 Allar greiðslur viðskiptavinar eru endanlegar og óafturkræfanlegar.
- 9.11 Ef Alternance slf krefst bankaábyrgðar vegna skuldbindinga viðskiptavinar, skulu upplýsingar og skilmálar slíkrar ábyrgðar koma fram í tilgreiningunum.

10. Hugverkarréttindi

- 10.1 Hvers konar hugverkarréttindi sem kunna að verða til í tengslum við og þjónustuna (að frátöldum hugverkarréttindum í eigu viðskiptavinar) eru eign Alternance.
- 10.2 Alternance slf veitir viðskiptavininum nytjaleyfi út tímabil samningsins til að nota hugverkarréttindin sem kunna að felast í tækjabúnaðinum, og þjónustunni í tengslum við starfsemi viðskiptavinarins.
- 10.3 Viðskiptavinurinn skal ekki veita undirnytjaleyfi eða framselja réttindi samkvæmt grein 11.2.
- 10.4 Viðskiptavinurinn veitir Alternance almennt, gjaldfrjálst og óframseljanlegt nytjaleyfi til að afrita og breyta öllu því efni, sem viðskiptavinurinn hefur afhent Alternance í þeim tilgangi að veita tækjabúnaðinn, og þjónustuna.

11. Persónuvernd

- 11.1 Í þessum samningi skal viðskiptavinur teljast vera „ábyrgðaraðili“ og Alternance slf „vinnsluaðili“ í samræmi við persónuverndarlög.
- 11.2 Viðskiptavinur ber ábyrgð á persónuupplýsingunum og því að hann uppfylli skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögum, þar á meðal með því að senda viðeigandi tilkynningar og afla viðeigandi heimilda til vinnslunnar, sem og á þeim fyrirmælum, sem hann gefur Alternance.
- 11.3 Alternance slf skal eingöngu vinna persónuupplýsingarnar að því marki og í því skyni sem nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslunnar og í samræmi við fyrirmæli viðskiptavinar. Alternance slf skal tilkynna viðskiptavini, ef Alternance slf telur að umbeðin vinnsla persónuupplýsinga kunni að brjóta gegn ákvæðum persónuverndarlaga. Alternance slf skal halda fullum trúnaði varðandi þær persónuupplýsingar, sem viðskiptavinur felur Alternance að vinna og skal Alternance slf ekki veita þriðja aðila aðgang að slíkum upplýsingum nema samkvæmt fyrirmælum eða heimild viðskiptavinar, nema lög mæli fyrir um annað. Ef lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða ákvarðanir dómstóla mæla fyrir um afhendingu persónuupplýsinga, sem eru í vinnslu hjá Alternance, skal Alternance slf tilkynna viðskiptavini um fyrirhugaða afhendingu, nema lög banni slíka tilkynningu.

- 11.4 Alternance skal vera heimilt að ráða undirvinnsluaðila fyrir sérhverja vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum, skal Alternance slf tryggja að undirvinnsluaðili sé bundinn sömu persónuverndarskyldum og Alternance slf undir samningnum.
- 11.5 Alternance slf mun, án tafar, tilkynna viðskiptavininum ef Alternance slf verður var við óheimila vinnslu eða öryggisbrest. Verði Alternance slf var við óheimila vinnslu eða öryggisbrest skal Alternance slf, án tafar, einnig afhenda viðskiptavininum eftirfarandi upplýsingar: (i) Lýsing á eðli hinnar óheimilu vinnslu eða öryggisbrestsins; (ii) flokka og áætlaðan fjölda hinna skráðu og persónuupplýsinga sem eiga í hlut; (iii) líklegar afleiðingar; (iv) lýsing á ráðstöfunum sem teknar hafa verið eða fyrirhugaðar eru vegna hinnar óheimiluðu vinnslu eða öryggisbrestsins, þ.m.t. ráðstafanir til að milda hugsanleg skaðleg áhrif.
- 11.6 Strax í kjölfar óheimillar eða ólöglegar vinnslu persónuupplýsinga eða öryggisbrests, skulu Alternance slf og viðskiptavinurinn kanna atvikið í sameiningu. Alternance slf mun aðstoða viðskiptavininn við meðhöndlun málsins, þ.m.t. með því að: (i) aðstoða við hverskonar rannsóknir; gera viðskiptavininum kleift að taka viðtöl við starfsfólk Alternance, sem og fyrrum starfsmenn og aðra sem tengjast málinu; (iii) gera aðgengileg allar viðeigandi skrár, gögn, upplýsingar og annað efni sem persónuverndarlög kunna að krefjast eða sérstaklega krafist af viðskiptavininum með rökstuddum hætti; og (iv) þær ráðstafanir, sem Alternance slf hefur tekið eða býðst til að taka til að koma í veg fyrir áframhaldandi öryggisbrot eða óheimila vinnslu og/eða draga úr afleiðingum öryggisbrotsins eða óheimilu vinnslunnar.
- 11.7 Alternance slf mun halda ítarlega, nákvæma og uppfærða skriflega vinnsluskrá í tengslum við vinnslu þeirra persónuupplýsinga, sem Alternance slf vinnur fyrir viðskiptavin („**vinnsluskráin**“). Vinnsluskráin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar: (i) nafn og aðrar viðeigandi upplýsingar um Alternance; (ii) samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa Alternance; (iii) nafn og upplýsingar um viðskiptavininn; (iv) flokkar vinnslu; (v) listi yfir þau lönd sem Alternance slf miðlar persónuupplýsingum til og eru fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið; og (vi) almenn lýsing á tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum í tengslum við vinnsluna.
- 11.8 Að beiðni viðskiptavinarins, skal Alternance slf afhenda viðskiptavininum afrit af eða aðgang að persónuupplýsingunum sem eru í vörslu Alternance, í heild eða að hluta. Við lok samnings þessa mun Alternance slf eyða persónuupplýsingum eða, ef viðskiptavinurinn óskar svo eftir með skriflegum hætti, skila og eyða öllum afritum persónuupplýsinga í tengslum við samning þennan eða í vörslum Alternance. Alternance slf skal senda viðskiptavininum skriflega staðfestingu á því að eyðsla persónuupplýsinga hafi átt sér stað innan við 10 daga frá eyðslu. Ef lög, reglur eða eftirlitsyfirvöld kveða á um að Alternance slf skuli halda eftir einhverjum gögnum sem Alternance slf hefði annars borið skylda til að skila eða eyða, skal Alternance slf tilkynna viðskiptavininum með skriflegum hætti um varðveisluskylduna, lagastoð hennar og fyrirhugaðan tíma eyðingar eftir að varðveislu lýkur.

12. Trúnaður

- 12.1 Hvor aðili ábyrgist að miðla ekki trúnaðarupplýsingum vegna hugverkarréttinda, viðskipta, málefna, viðskiptavina eða birgja gagnaðila, með þeim undanþágum sem kveðið er á um í grein 13.1.

- 12.2 Hvorum aðila er heimilt að miðla trúnaðarupplýsingum gagnaðila:
- (a) til starfsmanna sinna, fulltrúa, umboðsmanna, undirverktaka eða ráðgjafa sem þurfa á upplýsingunum að halda til að geta staðið við skyldur sínar samkvæmt samningnum. Hvor aðili skal tryggja að starfsmenn sínir, fulltrúar, umboðsmenn, undirverktakar og ráðgjafar fylgi þeim skyldum, sem kveðið er á um í þessari grein 13; og
 - (b) ef þess er krafist samkvæmt lögum, vegna dómsúrskurðar eða vegna kröfu stjórnvalda eða eftirlitstofnanna.
- 12.3 Hvorugur aðili skal nota trúnaðarupplýsingar gagnaðila í öðrum tilgangi en til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum.

13. Takmörkun á ábyrgð

- 13.1 Þær takmarkanir á ábyrgð, sem er að finna í þessari grein, gilda um hvers konar ábyrgð sem kann að kvikna á grundvelli eða í tengslum við samning þennan, þ.m.t. skaðabótaábyrgð innan og utan samninga.
- 13.2 Heildarábyrgð Alternance gagnvart viðskiptavininum, að teknu tilliti til allra vanefnda á hverju samningsári, skal ekki nema hærrí fjárhæð en samanlagðar greiðslur viðskiptavinar samkvæmt samningnum á því samningsári, sem brotið átti sér stað.
- 13.3 Alternance slf skal ekki bera ábyrgð á eftirfarandi tjóni viðskiptavinarins:
- (a) hagnaðartap;
 - (b) sölu- eða viðskiptatap;
 - (c) tjón vegna tapaðra samninga;
 - (d) tap á ætluðum sparnaði;
 - (e) að ekki sé hægt að nota, gögn eða upplýsingar;
 - (f) skert viðskiptavild; eða
 - (g) óbeint eða afleitt tjón eða líkamstjón.
- 13.4 Ef viðskiptavinurinn vanrækir að tilkynna Alternance um að hann ætli að gera kröfu á grundvelli atburðar innan tilkynningarfrestsins, skal Alternance slf ekki bera ábyrgð vegna atburðarins. Fresturinn byrjar að líða frá þeim degi sem viðskiptavinurinn vissi, eða hefði mátt vita, af atburðinum og er slíkur frestur 6 mánuðir frá og með þeim degi. Tilkynningin skal vera skrifleg og skal hún greina frá atburðinum og grundvelli kröfu með fullnægjandi hætti.

14. Riftun samnings

- 14.1 Án takmörkunar á öðrum réttindum eða úrræðum aðila, skal hvorum aðila heimilt að rifta samningnum og tekur ritunin gildi tafarlaust, með því að senda skriflega tilkynningu þess efnis, ef:

- (a) gagnaðili vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt samningnum og (ef úrbætur eru mögulegar) hefur ekki bætt úr slíkum vanefndum innan 30 daga frá móttöku tilkynningu, þar sem hann er hvattur til úrbóta;
- (b) gagnaðili verður gjaldþrota, gengur til nauðarsamninga, sækir um greiðslustöðvun eða ef með öðrum hætti má efast um greiðsluhæfi hans; eða
- (c) gagnaðili hættir eða tilkynnir um þá ætlun sína að hætta starfsemi að hluta eða öllu leyti.

14.2 Án takmörkunar á öðrum réttindum eða úrræðum Alternance, skal Alternance vera heimilt að rifta samningnum tafarlaust með skriflegri tilkynningu til viðskiptavinar (i) ef viðskiptavinur vanefnir greiðslur samkvæmt samningnum, eða (ii) ef fjárhagsstaða viðskiptavinar versnar með slíkum hætti að Alternance sé rétt að meta það svo að greiðslugeta viðskiptavinar sé í hættu.

15. Afleiðingar riftunar

15.1 Við riftun samnings skal viðskiptavinur:

- (a) tafarlaust greiða Alternance alla ógreidda reikninga ásamt vöxtum, og í sambandi við tækjabúnað, og þjónustu, sem enn hefur ekki verið gerður reikningur fyrir, skal Alternance slf gefa út viðeigandi reikninga, sem viðskiptavinur skal greiða tafarlaust við útgáfu;
- (b) skila öllum tækjabúnaði, sem ekki hefur verið að fullu greiddur. Ef viðskiptavinur vanefnir ofangreinda skyldu, skal Alternance vera heimill aðgangur að húsakynnum viðskiptavinar og fá umráð yfir tækjabúnaðinum. Þar til slíkum tækjabúnaði hefur verið skilað skal viðskiptavinur bera alla ábyrgð á honum og skal slíkur tækjabúnaður ekki vera notaður í öðrum tilgangi en í samræmi við samninginn.

15.2 Riftun samnings skal ekki hafa áhrif á þau réttindi og kröfur, sem hafa stofnast áður en samningi er rift.

15.3 Þau ákvæði samnings, sem samkvæmt eðli sínu halda gildi sínu þrátt fyrir riftun, skulu halda slíku gildi sínu.

16. Óviðráðanleg atvik

Hvorugur aðila skal teljast hafa vanefnt samninginn vegna efndadráttar eða efndabrests, ef slíkan drátt eða brest má rekja til óviðráðanlegra atvika, sem ekki má ætla að aðili geti ráðið bót á (**“óviðráðanlegt atvik”**).

17. Almennt

17.1 Framsal

- (a) Alternance er heimilt að framselja, veðsetja og með öðrum hætti eiga viðskipti með réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum.

- (b) Viðskiptavinur skal ekki framselja, veðsetja eða með öðrum hætti eiga viðskipti með réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum, nema á grundvelli fyrirfram gefins samþykkis Alternance.

17.2 Aðrir samningar. Samningurinn skal vera eini samningur aðila um sama efni.

17.3 Breytingar á samningi. Allar breytingar á samningi þessum skulu vera gerðar skriflega og undirritaðar af báðum aðilum.

17.4 Gildandi lög. Íslensk lög skulu gilda um samninginn.

17.5 Gerðardómur. Öllum ágreiningi, sem kann að rísa í tengslum við samning þennan, skal leyst úr með gerðarmeðferð í samræmi við reglugerð Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands, sem í gildi er þegar gerðarmeðferð hefst.